

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 19/2011****2011/EES/37/13****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2010 frá 10. nóvember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sjónvörp <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2009/300/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Textinn í lið 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 D 0300**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/300/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 84, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 87, 4.4.2002, bls. 53.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.